

18/2 '74

S T A R F S S K Ý R S L A .
=====

1 9 7 3
=====

Gróðrarstöðin Tumastöðum.
=====

Veðurfar ársins.

Undan farin ár hef ég fengið að láni veðurskýrslur frá Kornvelli og hef látið úrdrátt úr henni fylgja skýrslu minni, hefur hún veitt miklar upplýsingar um veðurfarið, en vegna veikinda Klemenzar Kristjánssonar og dvalar hans á sjúkrahúsi féllu veðurathuganir þar niður og því ekki hægt að styðjast við hana er talað er um veðrið.

Veturinn var mildur og lítið um frost í jörðu en mikið um holklaka og umhleyptingasama tíð, að mestu klakalaus jörð frá 10.-15. janúar og vorum við þá að vinna við upptöku plantna og eins dag og dag framm yfir mánaðarmót. Febrúar kaldur og nokkuð um frost. Klakalaust varð aftur að mestu 13. marz og var þá aftur byrjað að taka upp plöntur og að mestu unnið við upptöku og sorteringu frá því, einnig var unnið við dreifsetningu í móbönd þegar frost gerði. Þann 18. janúar gerði mikið austan suðaustan hvassviðri og brotnuðu þá 4 plötur á báruplastgróðurhúsinu. Þann 23. janúar byrjaði gosið í Vestmannaeyjum og þann dag gerði ofurlítið öskufall í um 2 klst. og síðan var öskufall annað kastið en sjaldan mikið, mest 27. jan. 15. og 19. febrúar. Dagana 13.-14. marz gerði sunnan og suðaustan veður með slyddu og öskufalli og þá fölnuðu og féllu nálar af suðurhlið á sitkagreni í skjólbeltunum og reitunum, sama er að segja um rauðgreni og stafafuru. Sumarið 1972 var plantað stafafuru í brekkuna ofan við gamla sitkagreni-

lundinn, þær komu úr kæli og uxu mjög vel það sumar, en eftir þetta veður sem gerði meðan starfsmannafundur Skógræktar ríkisins stóð og áður er talað um, féllu allar nálar af og plönturnar drápu.

Vorið. Fyrrihluta aprílmánaðar var frost og snjócoma en eftir það var hægt að fara að taka upp plöntur, tíðarfar fremur hagstætt og gott úti verkum, nema hvað norðan átt og frost gerði síðast í maí, eftir að plöntur voru farnar að vaxa.

Sumarið var fremur kalt en hagstætt útiverkum, nema september sem var hlýr og sprettugóður en 23. sept. gerði hér ofsa veður og er því lýst annarsstaðar hvað þá gerist hér.

Haustið. Fremur óhagstæð tíð, úrkomu og krapasamt. Frost kom í jörðu 9. nóvember og þiðnaði ekki úr því svo að hægt væri að sinna plöntuupptöku.

Desember var fram úr hófi umhleypinga samur og mikið um svella-
lög.

Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Birkiskjólbeltin hér í gróðrarstöðinni laufguðu ekki fyrr en 12. júní og er það um viku síðar en venju-
lega, en meðaltal er um mánaðarmót maí-júní. Lauffall varð 28. sept.

Vöxtur. Vöxtur trjáa var yfirleitt fyrir neðan meðallag nema ef frá eru talin beltí af sitkagreni sem plantað var fyrir 4-6 árum síðan, en þar virðist vöxtur hafa verið í meðallagi. Vöxtur á plöntum sem hér eru í uppeldi er með minna móti.

Fræfall. Það var ekkert fræ á birki hér í gróðrarstöðinni og var því engu safnað, engir könglar voru á sitkagreni en í fyrra var tölvert af könglum og var því fræi sáð í vor og nú í haust voru til um 7.000 stk. af 1/0 plöntum.

Á reyniviðar tegundum þroskuðust berin seint og þau sópuðust öll af trjámum 23. sept. og fuku út í veður og vind.

Skaðar á trjám. Nokkuð bar á því að suðurhliðar á sitkagreni yrðu brúnar og misstu nálarnar eins og lítillaga er lýst fyrr og við vildum kenna öskufalli frá Vestmannaeyjagösinu um, þetta var þó meira áberandi á rauðgreni og stafafuru. Þöll sem staðið hefur í röð framan við umdæmisbústaðinn missti á nokkrum dögum svo til allar nálarnar. Þöllin var frá 125-200 cm. á hæð. Allar plönturnar misstu toppinn, eins hefur drepist framan af hliðargreinum, plönturnar lifðu og eru að byrja að jafna sig. Á þessum sköðum fór að bera eftir 14. marz. Nú er það svo að á sitkagreninu þar sem nálarnar urðu brúnar virtist eins og sumar nálarnar jöfnuðu sig. Ekkert tré hefur drepist af þessum sökum.

Staffsfólk.

Vinna féll ekki niður yfir vetrarmánuðina eins og oftast hefur verið hér, en þá hefur ekki verið nema 1 maður auk mín, nú unnu tvær konur $\frac{1}{2}$ til allan daginn eftir þörfum allan veturinn, einnig voru hér 2-3 karlmenn eftir því sem vinna féll til.

Mötuneyti var ekki starfandi hér í sumar, eins og var sumarið áður, aftur á móti borguðu við dagpeninga til þeirra sem nestuðu sig allan daginn.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins í gróðrarstöðinni samkvæmt kaupskrá kr. 2.561.910,- til verktaka kr. 183.550,- og voru kaupgreiðslur því kr. 2.745.460,-. Til starffólks sem búsett er í Fljótshlíðarhr. námu kaupgreiðslur kr. 1.865.024,00 eða 67,9% til starfsfólks sem búsett er á Hvolsvelli kr. 734.912,00 eða 26,8% og kaupgreiðslur til starfsfólks sem búsett er annars staðar á landinu kr. 145.524,00 eða 5,3%

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	jan.	feb.	marz	apr.	maí	júní	júlí	ág.	sept.	okt.	nóv.	des.	samt.
kon.	3	5	7	13	31	47	46	34	10	3	7	3	209
karl.	6	7	7	6	9	16	22	19	10	7	10	8	127
samt.	9	12	14	19	40	63	68	53	20	10	17	11	336

Gróðrarstöðin.

Nývirki og umbætur. Finnsla tréboga gróðurhúsið sem fauk aðfaranótt 21. des. 1972 var endurnýjað, voru bogarnir límdir saman og fellt utan á öll samskeyti vatnsheldur krossviður, ekki hefði verið hægt að gera við gróðurhúsið ef ekki hefðu verið til gamlir og brotnir bogar úr gróðurhúsinu sem fauk á Mógilsá 1967.

Í sumar var keypt til landsins nokkuð af járnboga gróðurhúsum stærð 3,8 X 10 m., varð að ráði að gróðurhúsunum var valinn staður hér og komu samtals 16 hús, Gróðurhúsin komu það seint að sáningu var lokið og ekki var farið að setja húsin upp fyrr en á miðju sumri, stóð til að koma þeim upp í haust og hafa þau fyrir sáningar vorið 1974. Búið var að ganga frá 5 af þessum gróðurhúsum um mitt sumar og var í þeim dreifsetning í móband og pottaplöntur. Í óveðrinu sem gerði 23. sept. sviftist plastið algjörlega af öllum húsunum, dúkurinn var 0,10 m/m og aðeins ætlaður til sumarnota, vegna anna var ekki haldið áfram að setja þessi gróðurhús upp eða reisa bogana eins og til stóð.

Báruplastgróðurhúsið sem byggt var hér 1971 brotnaði niður í veðrinu 23. sept. Austur hlið gróðurhússins gekk inn og lögðust bogarnir niður inni í miðju húsi og sýnir þetta að ekki er vogandi að reisa svona kostnaðarsöm gróðurhús nema styrkleika prufa þau áður en þau eru sett upp.

Það mikið lét húsið ásjá að ekkert var hægt að nota aftur af bogunum nema gaflbogana en það tók mikinn tíma að rétta þá, svo þeir yrðu viðunandi og ekki var ein einasta búrupsrplata heil, ekki einu sinni $\frac{1}{2}$ nothæf af þeim sem á hliðunum voru.

Hér komu matsmenn og mátu þeir skaðann á ca. 365.000,- kr.

Aður en farið var að endurbyggja gróðurhúsið var Rúnar Sigmarsson verkfræðingur hjá Hönnun fenginn til að reikna út styrkleika svona húsa og gera tillögur um uppsetningu og var síðan farið eftir því í einu og öllu, var síðan unnið allan október með öllum til-
tækjum ráðum að koma húsinu upp.

Fræplöntur. Sáning í ár er í allastaði eins og best verður á kosið, eitthvað af tilrauna og kvæma sáningu sem sáð var í bakka og voru í búrupsplastgróðurhúsinu er það brotnaði niður skemmdust en það er ekki komið í ljós að fullu.

Sáð var 14 plöntu tegundum af 33 kvæmum sem hafa meir en 1,5 m² í sáð flöt samtals 10,27 kg. í 636 m² og auk þess var sáð í bakka í tilrauna skyni 40 tegundum af 51 kvæmi sem gera um 14 m². Því hefur sáningin í ár verið anzi umfangs mikil, því sáð var 52 tegundum af trjá og runna tegundum og kvæmafjöldi var frá 84 stöðum.

Dreifsetning. Í sumar var dreifsett hér 400.060 stk af skógarplöntum. Á venjulegan hefðbundinn hátt var dreifsett hér 183.803 stk. en eftir nýju aðferðinni sem við tókum nú upp og ég vona að reynast muni vel og kölluð hefur verið móband var dreifsett 216.257 stk.

Dreifsetningu í móband verður gerð skil síðar í starfskýrslunni. Dreifsetning sem framkvæmd var með venjulegum hætti í beð úti og var lögð alveg sérstök alúð við er það að segja , að um 40 þús. pl. sem fyrst voru dreifsettar gulnuðu og voru framfara litlar,

en um mánaðarmótin maí-júní kom um viku tíma norðan átt með ofur-
litlu frosti, en aftur á móti það sem dreifsett var eftir þennan
þurrka og frosta kafla er mjög fallett.

Mikil afföll urðu á dreifsetningu plantna frá 1972 vegna hol-
klaka.

Hreinsun. Sami háttur var hafður á við hreinsun og á undanfar-
andi árum að nota Gesatop á plöntur dreifsetningar árið, en að
öðruleiti handhreinsað.

Sáðbeð handhreinsuð. Hreinsun á dreifsetningu' í móband varð
sama og engin.

Umbúnaður. Þar sem dreifsettar plöntur í móband eru hafðar í
gróðurhúsi og eins vegna þess að holklaki hefur verið mikill á
undanförnum árum og þar af leiðandi mikil afföll, keypti ég timbur
í haust fyrir um 61.000,- kr. og lét slá upp karmi með hliðum á
dreifsetningarbeðunum og voru síðan settar grindur og þar á ofan
plastdúkur til hlífðar, eins voru notaðar gamlar gluggagrindur
sem búið var að setja plast á, einnig var í nokkru mæli notaðir
glergluggar, ekki var þó þessi frágangur hafður á alla dreifsetn-
ingu, en á meiri hlutann. Nú er það hugmynd mín að setja þessi
skjólborð strax upp að lokinni dreifsetningu á næsta ári og má
þá hjálpa plöntunum af stað með gluggum eða plasti og sé ég ekkert
athugavert við það, ef plönturnar verða góðar, þetta hefur að
vísu kostnað í för með sér, en þar sem flestir þættir í framleiðsl-
unni eru þegar undir gleri eða í gróðurhúsum, þá sé ég ekkert
því til fyrirstöðu að reyna þetta. Nú þegar þessi skýrsla er gerð
virðast plönturnar vera í mjög góðu ástandi og vonandi að svo
verði til næsta vors.

Afhending. Afhentar voru 186.000 stk. af skógarplöntum og komu þær flestar úr kælir. Af dreifsetningarplöntum voru afhentar 107.800 stk. og af garðplöntum voru afhentar 20.522 stk. og því hafa verið afhentar hér 314.352 stk. af plöntum í ár.

Í sambandi við afhendingu á skógarplöntum í ár, vil ég geta þess að þar skeði alveg sérstök nýjung sem vonandi á eftir að, aukast, en það er að í ár voru afhentar síðsumars 36.805 stk. skógarplöntur af stafafuru til plöntunar í Haukadal en þær höfðu verið dreifsettar í móband á síðastliðnum vetri eða ca. 6-7 mán. áður en afhending fór framm, þær voru hafðar í gróðurhúsi um veturinn og vorið, höfðu tekið út vöxt sinn snemma og voru teknar út til herðingar síðarihluta júnímánaðar. Dreifsettar plöntur hefur ekki áður verið hægt að afhenda fyrr en að 2 árum liðnum svo þetta eru mikil framför, auk þess að lítil afföll verða við þessa uppeldisaðferð.

Ég veit ekki annað en að plönturnar hafi líkað vel, en ég geri ráð fyrir að ekki ætti að öllum jafnaði að afhenda móbandsplöntur fyrr en ~~um~~ 1 ári eftir að dreifsetning hefur farið fram, en þessi aðferð styttnir uppeldið um 1-2 ár engu að síður.

Garðplöntur. Afhentar voru 20.522 stk. af garðplöntum að verðmæti 1.116.990,- kr. en afsláttur var gefin að upphæð 136.437,- kr. og nam því salan kr. 980.533,00.

Teknir voru 4.300 stk. af græðlingum og pottað 5.900 stk. =

Annað. Ekki get ég sagt um það nákvæmlega hversu mikill skaði varð hér á plöntum vegna óveðursins sem gerði 23. sept. en ég held að hann hafi ekki verið mikill, en vegna þess að farið var í að endurbyggja gróðurhúsið og að þessi tími var komin og vont að fá vinnufólk og vetur settist nokkuð snemma að, var lítið tekið upp af plöntum áður en klaki kom í jörðu.

Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Gert var við sprungur í veggjum undæmisbústaðarins og þeir málaðir, eins voru veggir starfsmannabústaðarins málaðir.

Unnið var að lagfæringu á starfsmannabústað að innan og settir nýjir og stærri ofnar með hitastillir í suður herbergin, rúmbálkar fjarlægðir, herbergin máluð og gólf dúklögð, einnig voru gangar, borðstofa og eldhús máluð og dúklögð ásamt skrifstofu sem er í bústaðnum, einnig voru settir upp ofnar á snyrtiherbergjum.

Vélar og verkfæri.

Smávegis var unnið að viðgerð á L-233 og lagfærður fyrir skoðun. Gert var við vélar eftir því sem þær létu á sjá og eins var með verkfæri.

Múlakot. Sett var nýtt járn á verkfæraskúrana og húsin máluð að utan,, einnig var settur gólfdukur á eldhús og gang, sett voru upp ný reykrör og viðarofn tengdur þar við til upphitunar.

Sáningar.

Fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	kg.	m2	
B-844	Birki	Bæjarstað	0,35	28,5	
	Vörtubirki	Kittilä".....	0,01	1,5	móband
72/93	Birkielri	Coldi Tenda	0,01	1,5	
72/92	Birkielri	Col du Lautarent	0,01	1,5	
72/91	Birkielri	Sinai's Prakova .	0,01	1,5	
72/90	Birkielri	Dischmatal	0,01	1,5	
72/89	Birkielri	Patscherkofel ..	0,01	1,5	
71/42	Birkielri	Rangiora	0,01	1,5	
B-804	Rauðgreni	Leirfjörð	0,70	70,5	
B-858	Sitkagreni	Homer	1,80	99	
B-817	Sitkagreni	Cordova	0,12	6	móband
B-817	Sitkagreni	Cordova	1,75	60	
B-861	Sitkagreni	Lýsishóll	0,40	6	
B-860	Sitkagreni	Selfossi	0,25	6	
B-862	Sitkagreni	Skagway	0,17	4,5	
B-t/44	Sitkagreni	Tumastaðir		6	
B-t/63	sitkagreni	Tumastaðir		3	
B-818	Hvítgreni	Kenai	0,10	6	
B-781	Blágreni	Mc kenzie	0,20	12	
B-840	Bergfura	Haut. confl. ...	1,00	72	
B-854	Stafafura	Haines	0,80	81	
B-855	Stafafura	Skagway	1,10	120	
B-782	Stafafura	Skagway	0,05	6	móband
B-865	Broddfura	Boreas pass	0,10	3	
B-866	Broddfura	Weston pass	0,15	3	
B-836	Síberíulerki ...	Uralhérað	0,22	6	móband
B-836	Síberíulerki ...	Uralhérað	0,24	6	Pappap.
B-872	Evrópulerki	Sils Maria	0,05	3	pappap.
B-856	Fjallapínur	Skagway	0,20	3	
B-869	Fjallapöll	Mc kenzie	0,10	3	
B-871	Fjallapöll	Mt. Shasta	0,20	3	
B-870	Fjallapöll	Newman Ridge ...		3	
B-676	Risalífviður ...	Ketchikan	<u>0,15</u>	<u>6</u>	
		Samtals	10,27	636	

Dreifsetning 1973.
 =====

fræs.nr.	Tegund	Kvæmi	Fjöldi	
B-830	Birki 1/0.....	Þorsteinslundur.....	12.292	mób. ✓
B-778	Birki 2/0.....	Skaftafell.....	9.688	mób. ✓
B-761	Rauðgreni 2/0....	Ringstater.....	2.520	mób.
B-701	Rauðgreni 3/0....	Vang-Löten.....	24.640	mób.
B-779	Sitkagreni 2/0...	Cordova.....	43.600	✓
B-779	Sitkagreni 2/0...	Cordova.....	3.696	mób. ✓
B-712	Sitkagreni 3/0...	Homer.....	79.003	✓
B-712	Sitkagreni 3/0...	Homer.....	30.625	mób. ✓
B-782	Stafafura 2/0....	Skagway.....	61.200	
B-782	Stafafura 2/0....	Skagway.....	83.138	mób.
B-670	Stafafura 2/0....	Anaheim.....	6.720	mób.
B-746	Stafafura 3/0....	Skagway.....	17.416	mób,
B-744	Broddfura 3/0....	Hallormsst.....	15.512	mób.
B-736	Síberíulerki 1½/0.	Altai.....	2.968	mób.
B-736	Síberíulerki 2/0..	Altai.....	4.592	mób.
	Fjallapínur 2/0...	2.400	mób.

Samtals 460.060
 =====

Gróðrarstöðin á Tumastöðum. Plöntur til dreifsetningar 1974
 ~~~~~

| Fræs. nr. | Tegund             | Kvæmi                 | Fjöldi        |
|-----------|--------------------|-----------------------|---------------|
| B-844     | Birki 1/0.....     | Bæjarstað.....        | 14.250        |
| B-782     | Stafafura 1/0...   | Skagway.....          | 5.000         |
| B-836     | Síberíulerki 1/0.  | Uralhérað.....        | 3.000         |
| B-836     | Síberíulerki 1/0.  | Uralhérað.....        | 5.000         |
| B-662     | Rússalerki 2/0...  | Avsjan Baskkir.....   | 4.500         |
| B-736     | Síberíulerki 2/0.  | Altai.....            | 11.500        |
| B-741     | Svartgreni 2/0...  | Cent Newfoundl.....   | 1.500         |
| B-781     | Blágreni 2/0.....  | Mc Kenzie Bridge..... | 1.400         |
| B-797     | Sitkagreni 2/0...  | Cordova.....          | 18.000        |
| B-798     | Bergfura 2/0.....  | Pyraneafjöll.....     | 27.600        |
| B-804     | Rauðgreni 2/0..... | Leirfjörð.....        | 25.000        |
| B-807     | Elri 2/0.....      | Davos Sviss.....      | 1.100         |
| B-808     | Evrópulerki 2/0..  | Celerina.....         | 300           |
| B-816     | Stafafura 2/0..... | Skagway.....          | 92.600        |
| B-816     | Stafafura 2/0..... | Skagway.....          | 41.200        |
| B-817     | Sitkagreni 2/0...  | Cordova.....          | 85.000        |
| B-826     | Sitkagreni 2/0...  | Tumastaðir.....       | 10.000        |
| B-779     | Sitkagreni 3/0...  | Cordova.....          | <u>30.000</u> |
| Samtals   |                    |                       | 376.950       |
| =====     |                    |                       | =====         |

Skógarplöntur afhentar 1973.  
 =====

| Fræs.nr. | Tegund            | Kvæmi           | Fjöldi         |
|----------|-------------------|-----------------|----------------|
| B-778    | Birki 2/0.....    | Skaftafell..... | 23.375         |
| B-778    | Birki 1½/1.....   | Skaftafell..... | 25 möb         |
|          | Birki 2/2.....    | Tumast.....     | 1.525          |
|          | Birki 2/2.....    | Kollaf.....     | 1.000          |
| B-665    | Rauðgreni 2/4...  | Trysil.....     | 10.050         |
| B-701    | Rauðgreni 2½/1..  | Vang-Löten..... | 25 möb         |
| B-713    | Sitkagreni 2/2..  | Cordova.....    | 33.575         |
| B-755    | Bergfura 3/0....  | Haut confl..... | 3.200          |
| B-755    | Bergfura 2½/1...  | Haut confl..... | 25 möb         |
| B-720    | Bergfura 2/2....  | Clasenberg..... | 13.200         |
| B-746    | Stafafura 3/0...  | Skagway.....    | 17.000         |
| B-670    | Stafafura 3/0...  | Anaheim.....    | 2.700          |
| B-711    | Stafafura 3/0...  | Skagway.....    | 8.000          |
| B-711    | Stafafura 2½/1... | Skagway.....    | 25 möb         |
| B-782    | Stafafura 2/½.... | Skagway.....    | 36.805 möb     |
| B-675    | Stafafura 2/2.... | Sitka.....      | 4.325          |
| B-650    | Stafafura 2/3.... | Skagway.....    | 17.300         |
| B-688    | Stafafura 2/2.... | Wedelsbg.....   | 2.750          |
| B-736    | Siberíulerki 2/0. | Altai.....      | 5.970          |
| B-736    | Siberíulerki 2/½. | Altai.....      | 25 möb         |
| B-723    | Siberíulerki 2/2. | Altai.....      | <u>5.100</u>   |
|          |                   | Samtals         | <u>186.000</u> |

Dreifsetningarplöntur afhentar 1973

=====

| Fræs.nr. | Tegund | Kvæmi | Fjöldi |
|----------|--------|-------|--------|
|----------|--------|-------|--------|

Norðtunga

=====

|       |                   |                 |        |
|-------|-------------------|-----------------|--------|
| B-702 | Rauðgreni 4/0.... | Namdalseid..... | 13.000 |
|-------|-------------------|-----------------|--------|

|       |                   |              |        |
|-------|-------------------|--------------|--------|
| B-779 | Sitkagreni 2/0... | Cordova..... | 19.500 |
|-------|-------------------|--------------|--------|

|       |                   |              |               |
|-------|-------------------|--------------|---------------|
| B-670 | Stafafura 2/0.... | Anaheim..... | <u>12.500</u> |
|-------|-------------------|--------------|---------------|

|  |  |         |        |
|--|--|---------|--------|
|  |  | Samtals | 45.000 |
|--|--|---------|--------|

=====

Laugabrekka

=====

|       |                  |              |        |
|-------|------------------|--------------|--------|
| B-670 | Stafafura 2/0... | Anaheim..... | 32.000 |
|-------|------------------|--------------|--------|

|       |                   |            |              |
|-------|-------------------|------------|--------------|
| B-736 | Síberíulerki 2/0. | Altai..... | <u>4.600</u> |
|-------|-------------------|------------|--------------|

|  |  |         |        |
|--|--|---------|--------|
|  |  | Samtals | 36.600 |
|--|--|---------|--------|

=====

Hallormstaður

=====

|       |                   |              |       |
|-------|-------------------|--------------|-------|
| B-779 | Sitkagreni 2/0... | Cordova..... | 9.400 |
|-------|-------------------|--------------|-------|

|       |                  |              |       |
|-------|------------------|--------------|-------|
| B-670 | Stafafura 2/0... | Anaheim..... | 9.000 |
|-------|------------------|--------------|-------|

|       |                   |            |              |
|-------|-------------------|------------|--------------|
| B-736 | Síberíulerki 2/0. | Altai..... | <u>7.800</u> |
|-------|-------------------|------------|--------------|

|  |  |         |        |
|--|--|---------|--------|
|  |  | Samtals | 26.200 |
|--|--|---------|--------|

=====

|  |  |         |         |
|--|--|---------|---------|
|  |  | Samtals | 107.800 |
|--|--|---------|---------|

=====

Skógarplöntur til afhendingar 1974.  
 =====

| Fræs.nr. | Tegund            | Kvæmi                | Fjöldi           |
|----------|-------------------|----------------------|------------------|
| B-830    | Birki 1/1.....    | Þorsteinsl.....      | 3.000 mób. band. |
| B-703    | Rauðgreni 2/3..   | Verran Levanger..... | 5.000            |
| B-712    | Sitkagreni 3/1.   | Homer.....           | 10.900 mób. band |
| B-747    | Sitkagreni 2/2.   | Cordova.....         | 8.000            |
| B-713    | Sitkagreni 2/3.   | Cordova.....         | 28.000           |
| B-782    | Stafafura 2/1..   | Skagway.....         | 10.600           |
| B-670    | Stafafura 2/2..   | Anaheim.....         | 4.200            |
| B-746    | Stafafura 3/1..   | Skagway.....         | 15.000 mób. band |
| B-711    | Stafafura 2/2/2.  | Skagway.....         | 1.600            |
| B-836    | Síberíulerki 1/0. | Uralhérað.....       | 1.000 sáð ípp.   |
| B-836    | Síberíulerki 1/0. | Uralhérað.....       | 1.000 sáð í m.   |
| B-736    | Síberíulerki 1/1. | Altaí.....           | 2.650 mób. band  |
| B-736    | Síberíulerki 2/1. | Altaí.....           | 3.700 mób. band  |
| B-736    | Síberíulerki 2/2. | Altaí.....           | <u>5.500</u>     |
|          |                   | Samtals              | 100.150          |
|          |                   |                      | =====            |

Síðsumars.  
 =====

|       |                   |                 |                         |
|-------|-------------------|-----------------|-------------------------|
| B-701 | Rauðgreni 3/1.... | Vang-Löten..... | 15.000 mób. band        |
| B-712 | Sitkagreni 3/1... | Homer.....      | 5.000 mób. band         |
| B-670 | Stafafura 2/1.... | Anaheim.....    | 3.000 mób. band         |
| B-782 | Stafafura 2/1.... | Skagway.....    | <u>25.000 mób. band</u> |
|       |                   | Samtals         | 48.000                  |
|       |                   |                 | =====                   |

Samtals 148.150 +  
 =====

Skógarplöntur til afhendingar 1974.

=====

| Fræs.nr. | Tegund          | Kvæmi            | Fjöldi       |
|----------|-----------------|------------------|--------------|
| B-830    | Birki 1/1 ..... | Þorsteinsl. .... | 4.500 móbund |
| B-346    | Brodd/blág. 3/2 | Sapinero .....   | 2.100        |
| B-713    | Sitkagreni 2/3  | Cordova .....    | 3.000        |
| B-721    | Svartgreni 3/2  | Alberta .....    | <u>3.200</u> |
|          |                 | Samtals          | 12.800       |

=====

Ofan taldar skógarplöntur verða  
notaðar hér í gróðrarstöðinni á  
Tumastöðum í garð- og hnausplöntur.

sumtals 160.950  
=====



Afhentar garðplöntur 1973.  
 =====

| Tegund                 | Fjöldi     |
|------------------------|------------|
| Birki .....            | 8.382      |
| Sitkaelri.....         | 61         |
| Gráelri.....           | 63         |
| Reyniviður.....        | 215        |
| Gráreynir.....         | 80         |
| Fjallagullregn.....    | 145        |
| Selja.....             | 73         |
| Rauðgreni.....         | 75         |
| Sitkagreni.....        | 649        |
| Stafafura.....         | 896        |
| Síberíulerki.....      | 114        |
| Alaskaösp.....         | 75         |
| Viðja.....             | 6.330      |
| Alaskavíðir.....       | 128        |
| Ribs.....              | 103        |
| Stikilsber.....        | 64         |
| Birkikvistur.....      | 1.753      |
| Perlukvistur.....      | 88         |
| Sunnukvistur.....      | 55         |
| Aronía.....            | 54         |
| Glansmispill.....      | 296        |
| Runnamura.....         | 211        |
| Rauðblaðarós.....      | 268        |
| 27 aðrar tegundir..... | <u>348</u> |

Samtals 20.522  
 =====